



Markmið innleiðingar tölvu

Tölvur hafa á undanförunum árum sannað gildi sitt í skólastarfi og mestu jákvæðu áhrifin verða þegar hver nemandi hefur sitt eigið tæki. Með því að nota tölvu í námi er vonast til að nemandi hafi meira val um hvernig hann vinnur verkefni og að námið verði skemmtilegra og fjölbreyttara og að hann geti lært á þann hátt sem hentar honum best.

Reglur og upplýsingar um notkun tölvunnar

- Tölvan sem þú ert með er fyrst og fremst námstæki. Þú átt að fara eftir fyrirmælum kennara og starfsfólks skóla um notkun hennar.
- Tölvan þín kemst á þráðlausa netið í skólanum sem heitir Nemendur. Þú skalt ekki reyna að tengjast neinu öðru neti í skólanum. Ef þú ert í vandræðum með að tengjast netinu í skólanum, láttu þá kennara strax vita. Það er ekki leyfilegt að breyta netstillingum í tölvunni.
- Fyrir utan skólatíma eru það foreldrar sem ráða hvað þú mátt vera lengi í tölvunni. Reyndu að finna hvað er hæfilega mikill tími fyrir þig og farðu eftir þeim reglum sem foreldrar eða forráðamenn þínir setja. Það er heldur ekki sniðugt að vera mikið í tölvunni seint á kvöldin. Þá á hún að vera í hleðslu svo þú getir notað hana í skólanum næsta dag.



Hvað er...?



- Teams er hópinnukerfi þar sem hægt er að búa til hópa, vinna að verkefnum einn eða með öðrum, spjalla við aðra nemendur og kennara, deila skjölum og halda fundi.
- Nú þegar hefur þú verið skráð/ur í hóp á Teams. Þar geta kennarar deilt með þér verkefnum, áætlunum o.fl. Einnig getur þú skilað verkefnum inn til kennara og sent honum einkaskilaboð.
- O365/portal office er forritið sem heldur utan um öll skjölin þín. Þegar kennari hefur deilt með þér skjali opnar þú það í gegnum þetta forrit. Öll þín vinnugögn sem þú notar í þinni skólatölvu vistast í þetta forrit.
- Chromebook fartölva: virkni í chromebook tölvum er líkari android snjallsíma/spjaldtölvu heldur en fartölvu. Hefðbundnar fartölvur vista skjöl á drifinu í tölvunni en Chromebook fartölvur vista gögn í skýjaþjónustu. Geymslurýmið í chromebook tölvunni er notað fyrir forrit og efni sem þú vilt geta notað án nettingar.
- Þrátt fyrir að allt þitt efni vistist getur þú unnið verkefni þín án þess að tölvan sé nettingd.
- Tölvurnar eru skráðar á skólabókasafni og kerfið heldur utan um hver er með hvaða tölvu.
- Það er hægt að senda þér námsbækur og öpp í gegnum O365.
- Play Store er netverslun. Þar getur þú fundið allskonar öpp. Þú mátt sækja þér öpp í Play Store.

Hvað áttu að gera ef það kemur eitthvað fyrir tölvuna?



- Mikilvægt er að þú gætir þess að fara vel með tölvuna.
- Láttu kennarann þinn strax vita ef spjaldtölvan týnist, bilar eða skemmist. Kennarinn sér þá um að láta foreldra þína vita og ef þú þarft að fá aðra tölvu þá færðu hana eins fljótt og hægt er.
- Nánari upplýsingar um bilanir og tjón hjá deildarstjóra.

Mundu að fara varlega í öllum samskiptum á netinu og samfélagsmiðlum. Ekki gefa upplýsingar eins og heimilisfang eða símanúmer nema þú vitir við hvern þú ert að tala.

Mundu líka að það sem þú segir og skrifar á netinu hverfur ekki. Ekki segja neitt á netinu sem þú myndir ekki segja ef manneskjan stæði fyrir framan þig.

Skilmálar vegna afnota af tölvu

1. Tölvan sem skilmálar þessir taka til er eign Borgarhólsskóla. Nemandinn hefur afnot af tækinu á starfstíma skóla, svo lengi sem nemandinn er skráður í Borgarhólsskóla. Í lok hvers skólaárs skal nemandi skila tækinu til skóla. Þegar tæki er skilað skal nemandi skrá sig út af auðkenni forrita og aðgangi sínum í tækinu.
2. Borgarhólsskóli áskilur sér rétt til að innkalla tæki tímabundið vegna viðgerða eða þjónustu. Komi upp grunur um misnotkun eða brot á skilmálum þessum getur skóli, að höfðu samráði við foreldra/forráðamenn, óskað eftir að tæki sé innkallað til að hreinsa af því óæskileg gögn eða yfirfara notkun. Skal nemandi þá úthlutað lánstæki á meðan svo ekki verði truflun á námi nemandans.
3. Borgarhólsskóli setur upp forstillingar á tækinu sem leyfa umsýslu og utanumhald sem nauðsynleg eru til að hægt sé að þjónusta tækið. Tækið er skráð á umsýslukerfi Borgarhólsskóla. Skólinn annast þjónustu við tækið, þar með talið skráningu þess á þráðlaust net í skóla samkvæmt reglum sem um það gilda.
4. Til þess að hægt sé að nota tækið er nauðsynlegt að nemandi eigi O365 auðkenni og sér Borgarhólsskóli um að stofna þann aðgang, auk netfangs sem tengist O365 auðkenninu.
5. Nemandi er heimilt að taka tækið með sér heim að loknum skóladegi, en skal hafa það með sér í skólann á hverjum degi, fullhlaðið. Nemandi ber ábyrgð á sínu hleðslutæki og snúru og er mælt til þess að það sé geymt heima. Glatist eða skemmist hleðslutæki og/eða snúra ber nemandi að útvega nýtt á eigin kostnað. Notkun tækisins heima fyrir til leikja eða tómtundaiðkunar skal vera í samráði við foreldra og skal nemandi fylgja þeim reglum sem foreldrar setja. Komi í ljós að mati skólans eða foreldra/forráðamanna að nemandi eigi í erfiðleikum með að fylgja reglum foreldra geta foreldrar/forráðamenn eða skóli ákveðið að tækið sé geymt í skólanum.
6. Nemandinn og foreldrar/forráðamenn bera ábyrgð á meðferð og notkun tækisins meðan nemandinn hefur það til afnota. Nemandi skal gæta þess að fara vel með tækið og sýna ábyrgð í notkun þess. Komi í ljós að mati skólans eða foreldra/forráðamanna að nemandi eigi í erfiðleikum með þessa ábyrgð geta foreldrar/forráðamenn eða skóli ákveðið að tækið sé geymt í skólanum. Kjósi nemandi að geyma tölvuna í skólanum skal hún geymd hjá ritara skólans.
7. Nemandi má geyma tölvuna í hulstri sem er hans eign og á hans ábyrgð. Nemandi getur merkt það eða skreytt að vild.
8. Undir engum kringumstæðum má nota tækið á ólöglegan hátt. Ekki má setja í það stolin forrit eða forrit sem breyta stýrikerfi þess. Nemandi skal fara að reglum skóla sem og landslögum hvað varðar myndatökur og myndbirtingar.
9. Á tækinu er námsefni og ýmiskonar hugbúnaður (öpp) sem ætluð eru til námsvinnu nemandans. Nemandi og foreldrum/forráðamönnum er heimilt að setja inn á tækið eigið efni (t.d. myndir og tónlist), sem og hugbúnað í samráði við kennara, en þó skal námsefni hafa forgang. Í lok skólaárs verður tækið hugsanlega uppfært og enduruppsett áður en það er afhent á næsta skólaári og eyðast þá öll gögn af tækinu.
10. Ef tækið bilar eða skemmist, týnist eða því er stolið skal tilkynna það strax til skólans og útvegar Borgarhólsskóli nemandanum sambærilegt tæki í staðinn. Sé um vísitandi skemmdarverk eða þjófnað af hálfu nemandans að ræða skal nemandi bæta tækið.
11. Nú flytur nemandi í annað sveitarfélag og hættir að stunda nám í Borgarhólsskóla skal hann þá skila tækinu til skóla og skrá sig út af O365-auðkenni.